



#### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á slétri grund  
fagurt með frjógvun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf manlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,  
í Jesú nafni og dey,  
þó heilsa og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti og segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.  
*Hallgrímur Pétursson*

#### *Blessun*

#### *Eftirspil Söknuður*

*Vilhjálmur Vilhjálmsson*

*Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson  
Söngur: Tindatrió  
Fiðluleikur: Matthías Stefánsson  
Útfararþjónusta Akraneskirkju*

*Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug*



## *Rafn Hjartarson*

*Fæddur 27. júlí 1935  
Dáinn 28. janúar 2022*



*Útför frá Akraneskirkju  
þriðjudaginn 8. febrúar 2022*

**Forspil**  
*Ave Maria*  
Schubert

**Bæn**

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphæðin mín. Hljóma skal harpan mín: :,: Hærra, minn Guð, til þín, :,: hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut. Hljómi svo harpan mín: :,: Hærra, minn Guð, til þín, :,: hærra til þín.
--	---

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:  
hærra til þín.  
*Adams - Matthías Jochumsson*

**Ritningarorð**

Ó, þá náð að eiga Jesú einkavin í hverri þraut. Ó, þá heill að halla mega höfði sínu' í Drottins skaut. Ó, það slys því hrossi' að hafna, hvílfkt fár á þinni braut, ef þú blindur vilt ei varpa von og sorg í Drottins skaut.	Eigir þú við böll að búa, bíðir freistni, sorg og þraut, óttast ekki, bænin ber oss beina leið í Drottins skaut. Hver á betri hjálpi í nauðum? Hver á slíkan vin á braut, hjártans vin, sem hjartað þekkir? Höllum oss í Drottins skaut.
---	---

Ef vér berum harm í hjarta,  
hryggilega dauðans þraut,  
þá hvað helst er Herrann Jesús  
hjártans fró og líknar skaut.  
Vilji bregðast vinir þínir,  
verðirðu' einn á kaldri braut,  
flýtt þér þá að halla' og hneigja  
höfuð þreytt í Drottins skaut.  
*Scriven - Matthías Jochumsson*

**Ritningarorð**

Smávinir fagrir, foldarskart, fífíll í haga, rauð og blá brekkusóley, við mættum margt muna hvort öðru að segja frá.	Faðir og vinur alls, sem er, annastu þennan græna reit. Blessaðu, faðir, blómin hér, blessaðu þau í hverri sveit.
---	--

Vesalings sóley, sérðu mig?  
Sofðu nú vært og byrgðu þig.  
Hægur er dúr á daggarnótt.  
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!  
*Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson*

**Guðspjall**

Í bljúgri bæn og þökk til þín, sem þekkir mig og verkin mín. Ég leita þín, Guð leiddu mig og lýstu mér um ævistig.	Ég reika oft á rangri leið, sú rétta virðist aldrei greið. Ég geri margt, sem miður fer, og man svo sjaldan eftir þér.
---	---

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ Drottinn minn.  
*Amerískt þjóðlag - Pétur Þórarinnsson*

**Minningarorð**

**Fiðluleikur**  
*Kveðjulag frímúrara*  
*Þórarinn Guðmundsson*

**Bæn**

Nú komin er kveðjustund okkar  
og kossinn ég síðasta fæ.  
En minningin merlar og lokkar  
sú minning fer aldrei á glæ.  
Innst í hjarta sem gull ég þig geymi  
þú ert glóbjarta drottningin mín.  
Þó árin til eilífðar streymi  
fer aldrei burt myndin þín.  
*Þorvaldur Friðriksson - Kristján Ingólfsson*

**Faðir vor**

Ég leit eina lilju í holti,  
hún lifði hjá steinum á mel.  
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk  
en blettinn sinn prýddi hún vel.  
Ég veit það er úti um engi  
mörg önnur sem glitrar og skín.  
Ég þræti ekki um líti né ljóma,  
en liljan í holti er mín.  
Þessi lilja er mín lifandi trú,  
þessi lilja er mín lifandi trú.  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,  
þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni  
á völlum og engjum hvert blóm  
og haustvindar blási um heidar  
með hörðum og deydandi róm,  
og veturinn komi með kulda  
og klaka og hríðar og snjó,  
hún lifir í hug mér sú lilja  
og líf hennar veitir mér fró.  
Þessi lilja er mín lifandi trú,  
þessi lilja er mín lifandi trú.  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,  
þessi lilja er mín lifandi trú.  
*Erlent lag - Þorsteinn Gíslason*

**Moldun**